

## **Ræktunarmarkmið fyrir íslenska kúakynið.**

### **Inngangur:**

Í framtíðarskipulagi á ræktun íslenska kúakynsins skal lögð áhersla á að gera íslenska nautgriparækt svo sjálfbæra sem kostur er. Haft verður að leiðarljósi að samþætta framfarir þeirra eiginleika sem skipta meginmáli fyrir mjólkurframleiðslu á hverjum tíma en jafnframt skal gæta þess að halda ásættanlegum erfðabreytileika og sveigjanleika til að bregðast við breyttum aðstæðum. Íslenska kúakynið verði ræktað áfram sem megin framleiðslukyn greinarinnar. Kynbótaskipulag og ræktunarstarf taki mið af fjölpættum markmiðum með mikilli áherslu á eiginleika sem tengjast lífsþrótti og endingu. Lögð verði áhersla á að nýta erfðatækni til fullnustu við skipulagningu kynbótastarfsins. Lögð verði áhersla á samfélagslega samstöðu og skyldur þess við varðveislu hins líffræðilega fjölbreytileika. Í ljósi þessa eru ræktunarmarkmið íslenska kúakynsins eftirfarandi.

### **I. Almenn ræktunarmarkmið:**

#### ***I.1 Afurðasemi, frjósemi, ending***

Ræktunarmarkmið íslenska kúakynsins miðar að því að rækta heilbrigðar, frjósamar og endingargóðar kúr með samþættingu afurðaeiginleika og eiginleika er tengjast lífsþrótti og endingu í heildar kynbóteinkunn.

Ræktunarmarkmið íslenska kúakynsins miðar að því að viðhalda miklum erfðabreytileika og lágmarka skyldleikarækt svo sem kostur er.

#### ***I.2 Sköpulag, skap og sérkenni***

Ræktunarmarkmið er að rækta sterkbyggðar kúr og háfættar kúr með góða bolrýmd og gott skap. Ræktunarmarkmið er að rækta kollóttar kúr og viðhalda öllum mögulegum litaafbrigðum innan stofnsins.

### **II. Sérstök ræktunarmarkmið fyrir einstaka eiginleika**

#### ***II.1 Afurðir***

Ræktunarmarkmiðið miðar að því að rækta kúr sem skila miklum afurðum þegar á fyrsta mjaltaskeiði með áherslu á próteinframleiðslu.

#### ***II.2 Efnainnihald mjólkur***

Sérstök áhersla skal vera á að auka tíðni þeirra verðefna sem bæta nýtingu og auka hollustu mjólkur.

#### ***II.3 Frjósemi***

Leggja skal áherslu á að bæta frjósemi íslenska kúakynsins sem miðar að því að halda æskilegu bili milli burða, góðu fanghlutfalli, eðlilegri meðgöngu og burði lifandi hraustra kálfa.

#### ***II.4 Júgur- og spenagerð***

Sérstök áhersla verði lögð á júgur séu vel borin og sterk, júgurband greinilegt. Spenar vel staðsettir og hæfilega langir (3,5-4,5 cm.) og sterklega valið gegn útstæðum framspenum.

#### ***II. 5 Mjaltir***

Valið verði fyrir jöfnum hröðum mjöltum (m. mjaltahraði a.m.k 2-5-3 l/mín). Sérstök áhersla lögð á að velja gegn mismjöltum.

#### ***II.6 Júgurhreysti***

Ræktunarmarkmiðið er að auka júgurhreysti og lækka tíðni júgurbólgu

### III. Samsetning kynbótaeinkunnar

Yfirlit yfir vægi einstakra þátta í kynbótaeinkunn endurspeglar ræktunaráherslur á hverjum tíma. Núverandi vægi einstakra eiginleika kynbótaeinkunnarinnar er að finna í eftirfarandi töflu. Úrval fyrir afurðum er úral fyrir próteinframleiðslu þannig að afuraðeinkunnin er samsett úr einkunn fyrir próteinmagni og próteinprósentu í hlutföllunum 85% prótein magn og 15% próteinprósenta.

#### *Vægi einstakra eiginleika:*

|           |      |
|-----------|------|
|           |      |
| Afurðir   | 44%  |
| Frjósemi  | 8%   |
| Frumutala | 8%   |
| Júgur     | 8%   |
| Spenar    | 8%   |
| Mjaltir   | 8%   |
| Skap      | 8%   |
| Ending    | 8%   |
| Samtals:  | 100% |